



Þriðji stjórnarfundur landsstjórnar DKG 2025-2027 var haldinn á Teams fimmtudaginn 21. ágúst kl. 16:00 - 17:15

Mættar voru: Hrund Logadóttir landsforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir 1. varaforseti, Sigríður Heiða Bragadóttir meðstjórnandi og Ingileif Ástvaldsdóttir ritari og Árný Elíasdóttir, fráfarandi forseti. Hólmfríður Jennýjar- Árnadóttir og Lee Ann Maginnis gjaldkeri boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð frá öðrum fundi stjórnar lögð fram til samþykktar.
2. [Fyrsta útgáfa framkvæmdaáætlunar](#) stjórnar 2025-2027 lögð fram til umræðu og samþykktar
3. Dagskrá fundar framkvæmdastjórnar 30. ágúst 2025
4. Annar undirbúningur fyrir fund framkvæmdastjórnar s.s. tölvumál.
5. Kostnaður vegna fundar framkvæmdastjórnar - veitingar, þjónustugjald, kostnaður vegna húsnæðis, rósir og tækniaðstoð.
6. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerð annars fundar

Fundargerð annars fundar stjórnar var lögð fram og samþykkt.

2. Framkvæmdaáætlun stjórnar 2025-2027

Forseti kynnti fyrstu útgáfu að framkvæmdaáætlun stjórnar 2025. Umræður voru um inntak hennar og stjórnarkonur voru sammála um að hún væri metnaðarfull og raunhæf. Undir lið 2 í áætluninni kom fram hugmynd um að deildir settu dagsetningar fundanna inn á viðburðardagatal sem fylgir heimasíðu hvernar deildar. Ákveðið að benda sérstaklega á þennan hluta á fundi framkvæmdastjórnarinnar og ræða einnig við formennina að það sé vel skilgreint innan hvernar deildar hver sjái um að verkefni vefstjóra hjá deildinni. Þessu til viðbótar verði deildirnar hvattar til þess setja inn myndir og frásagnir af fundum deildanna inn á Facebook síðu samtakanna.

Einnig rætt um einkunnarorð fyrir næstu tvö ár og ákveðið að leggja það fyrir fundinn að setja saman einkunnarorð fyrir áætlunina.

Árný Elíasdóttir fráfarandi forseti sagði frá starfinu í World Fellowship Committee sem styrkir efnalitlar konur til náms. Hún mun segja frá starfi þessarar nefndar á fundi framkvæmdastjórnarinnar þann 30. ágúst.

3. Dagskrá fundar framkvæmdastjórnar 30. ágúst 2025

Forseti lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá fundar framkvæmdastjórnar:

9:15 Morgunhressing

10:00 Kveikt á kertum, fundarstjóri settur og næluathöfn forseta og fráfarandi forseta.

Ávarp forseta – 20 mín

10:20 Kynning á nýrri stjórn og nýjum formönnum nefnda – 20 mín

10:40 Orð til umhugsunar – 10 mín

10:50 DKG á Íslandi og umræður – Hólmfríður – 60 mín

11:50 Fjárhagsáætlun – Lee Ann – 10 mín

12:00 World Fellowship Committee - áherslur og áhrif – Árný Elíasdóttir – 15 mín

12:15 Frá menntamálanefnd – Bryndís Jóna Jónsdóttir – 15 mín

12:30 Hádegisverður 60 mín

13:30 Vefir DK – Eygló – 30 mín

14:00 Framkvæmdaáætlun 2025 – 2027 kynning – 30 mín

14:30 Framkvæmdaáætlun 2025 – 2027 hópavinna og skil hópanna – 60 mín

15:30 Samantekt og fundarlok – 30 mín

16:00 Gleðistund í boði samtakanna.

Engar athugasemdir voru gerðar við tillögu forseta. Rætt um fyrirkomulag á hópastarfinu og mögulegar spurningar sem hægt er að leggja fyrir fundarkonur. Forseta falið að búa til spurningar til umræðu á eftir kynningu sína á áætluninni.

4. Annar undirbúningur fyrir fund framkvæmdastjórnar

Forseti sagði frá því að í HR sé það þannig að enginn utanaðkomandi fái aðgang að tölum og tölvukerfi skólans. Starfsmaður tölvu- og tæknimála hjá HR leggur það til að fyrir fundinn verði öllum glærum fundarins safnað á eina tölvu sem yrði svo tengd við skjávarpann þar sem fundurinn fer fram. Forseti tók að sér safna saman glærunum og að hitta tæknimann á vegum skólans einum til tveimur dögum fyrir fundinn auk þess að kanna kostnað við að hafa tæknimann á vegum skólans tiltækan á meðan á fundinum stendur.

5. Kostnaður vegna fundar framkvæmdastjórnar

Til viðbótar við mögulegan kostnað vegna tæknimanns þá er annar kostnaður fundarins húsaleiga, þjónustugjald, veitingar og ferðastyrkir. Samþykkt að hafa sama hátt á og á fundi framkvæmdastjórnar í fyrra að allar konur sem mæta á fundinn fá rós með sér heim.

6. Önnur mál

Forseti greindi frá stöðunni í skipun í nefndir:

Laganefnd: Ragný Þóra Guðjohnsen Gamma deild formaður, Aníta Jónsdóttir Beta deild, Jóna Benediktsdóttir Alfa deild.

Félaga- og útbreiðslunefnd: Sigríður Heiða Bragadóttir Etadeild formaður, Fanney Dórothea Halldórsdóttir Þetadeild, Auður Elín Ögmundsdóttir Eta deild.

Menntamálanefnd: Bryndís Jóna Jónsdóttir Gamma deild formaður, Hólmfríður Jennýar Árnadóttir Þetadeild, Hrefna Pálsdóttir Alfa deild, Svanhildur Svavarsdóttir Kappadeild.

Samskipta - og útgáfunefnd: Félagskonur í Epsilon deild. Formaður deildarinnar mun senda forseta tilnefningar deildarinnar í nefninda.

Námsstyrkjadeild: Alma Dís Kristinsdóttir Lambda deild formaður.

Uppstillingarnefnd: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappa deild formaður, Árný Elíasdóttir Gamma deild, Birna Sigurjónsdóttir Lambda deild.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 17:15

Fundargerð skráði *Ingileif Ástvaldsdóttir*, ritari stjórnar 2025-2027